

Hlíf Sigurjónsdóttir fiðluleikari lauk einleikarprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík árið 1974 þar sem kennari hennar var Björn Ólafsson. Næstu sex árin var hún við framhaldsnám vestan hafs. Hlíf hefur haldið tónleika víða og hefur starfað með erlendum kammersveitum meðal annars í Þýskalandi og Sviss. Hún er löngu landsþekkt sem einleikari og í samleik. Hlíf hefur verið konsertmeistari Íslensku Hljómsveitarinnar, Íslensku Óperunnar og Kammersveitar Seltjarnarness og hefur leikið einleik við mörg tækifæri, meðal annars með Sinfóníuhljómsveit Íslands.

David Tutt hefur oft haldið tónleika á Íslandi. Hann stundaði píanónám í heimalandi sínu, Kanada, en lauk B. A. prófi frá Háskólanum í Indiana. Kennari hans var Georgy Sebok. David hefur unnið til margra verðlauna og hefur leikið einleik með sinfóníuhljómsveitunum í Toronto, Edmonton og Calgary og með útvarpshljómsveitinni í Budapest. Árið 1988 hélt hann einleikstónleika í Wigmore Hall í Lundúnum og gerði upptökur fyrir BBC.

Christian Giger er nemandi hjá prófessor Boris Pergamenschikow í Hochschule für Musik í Köln og hefur auk þess numið kammertónlist hjá Amadeus kvartettinum. Christian hefur unnið til fjölda verðlauna og hefur meðal annars leikið einleik með sinfóníuhljómsveitunum í St. Gallen og Winterthur.

Hlíf, David og Christian hafa unnið saman undanfarin ár og hafa komið fram sem píanótrío, bæði á Íslandi og í Sviss. Á þriðjudagstónleikunum bætist í hópinn svissneski fiðlu- og víðuleikarinn **Lorenz Hasler**, sem er Íslendingum að góðu kunnur, því hann er félagi í kvintettinum I Salonisti, sem lék í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar í fyrra við frábærar undirtektir. Lorenz lauk M.A. gráðu í hljóðfæraleik og tónlistarfræðum frá Tónlistarháskólanum í Toronto. Hann var um árabil félagi í sinfóníuhljómsveitinni í Bern, en er nú skólastjóri tónlistarskólans í Köniz í útjaðri Bern, ásamt því að leika í kvintettinum I Salonisti eins og fyrr getur.

Tónleikar í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar

Hlíf Sigurjónsdóttir

fiðluleikari

Lorenz Hasler

lágfiðluleikari

Christian Giger

sellóleikari

David Tutt

píanóleikari



23. júlí 1991 kl. 20:30

Mozart samdi píanókvartetta sína tvo með stuttu millibili á árunum 1785-86, um sama leyti og hann skrifaði óperuna „Brúðkaup Fígarós“. Þeir hafa nokkra sérstöðu í tónlistarsögunni vegna hins breytta hlutverks píanósins. Fram til þessa hafði píanóið verið aðalatriðið og strengirnir leikið undir, en í þessum tveimur píanókvartettum ríkir jafnræði milli hljóðfæranna. Það leið hátt í hálfa öld þar til hljóðfæraskipan þessi festist í sessi, þá meðal annars í verkum eftir Schumann, Brahms og Fauré.

Efnisskrá

W. A. Mozart	Kvartett í Es -dúr (KV. 493) Allegro Larghetto Allegro
W.A. Mozart	Kvartett í g-moll (KV. 478) Allegro Andante Rondo, allegro